



ENDURSKOÐUN

Anna Þóra Benediktsdóttir
löggiltur endurskoðandi hjá Ernst og Young ehf

Endurskoðun og aðstoð við gerð ársreikninga



Félag löggiltra endurskoðenda

Mikilvægt er að endurskoðandinn sé óháður því endurskoðunarverkefni sem hann tekur að sér.

Ekki er óalgennt, þegar rætt er um endurskoðun, að staðhæft sé að endurskoðandi félags hafi gert ársreikninginn. Í raun virðast margir halda að einn þáttur endurskoðunar sé að útbúa sjálfan ársreikninginn. Að vissu leyti er þetta skiljanlegt því hefð hefur skapast fyrir því í gegnum tíðina að endurskoðendur aðstoði við gerð ársreiknings samhliða endurskoðun. Staðreyndin er hins vegar sú að lögbundið hlutverk endurskoðenda er að gefa hlutlaust álit á reikningsskilum félaga sem hafa kosið þá sem endurskoðendur og er aðstoð við gerð ársreiknings ekki hluti af endurskoðuninni. Undanfarin ár hafa verið settar ítarlegri reglur sem takmarka aðra þjónustu sem endurskoðendur mega veita félögum sem þeir eru kjörnir endurskoðendur hjá, þ. á m. aðstoð við gerð ársreiknings.

Ekki er öllum félögum skylt að kjósa endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga sína og er algennt að þau óski eftir faglegri aðstoð endurskoðenda við gerð ársreiknings. Meginmarkmið þeirrar þjónustu er að setja fram fjárhagslegar upplýsingar byggðar á fjárhagsupplýsingum frá stjórnendum félagsins. Endurskoðun sem framkvæma skal í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla felur hins vegar í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru það stjórn og framkvæmdastjóri þess sem bera ábyrgð á því að ársreikningur félags sé saminn í samræmi við lög og reglur. Mikilvægt er að endurskoðandinn sé óháður því endurskoðunarverkefni sem hann tekur að sér. Í því sambandi er talað um óhæði, sem getur verið ógnað veiti endurskoðandi til dæmis viðskiptavini í endurskoðun viðbótarþjónustu. Um óhæði er fjallað í lögum um

endurskoðendur en þar kemur fram að endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki skulu vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Samkvæmt lögnum skal endurskoðandinn fylgja ákvæðum siðareglanna sem Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur sett. Siðareglurnar sem byggjast á siðareglum Alþjóða-samtaka endurskoðenda (IFAC) eru aðgengilegar á heimasíðu Félags löggiltra endurskoðenda, www.fle.is.

Í siðareglunum er sérstaklega fjallað um aðstoð við færslu bókhalds og gerð ársreiknings. Þar er bent á að endurskoðun feli í sér mikil samskipti milli endurskoðenda og stjórnenda, til dæmis varðandi beitingu reikningsskilareglanna og leiðréttinga í bókhaldi. Þetta er álitinn eðlilegur hluti endurskoðunar og ógnar því ekki óhæði. Tiltekin eru ýmis önnur störf, svo sem aðstoð við að leysa vandamál við afstemmingar og ráðgjöf við upptöku nýrra reikningsskilareglanna, sem teljast almennt ekki ógna óhæði svo fremi að endurskoðandinn taki ekki á sig stjórnunarlega ábyrgð fyrir viðskiptavininn.

Hvað varðar aðstoð við gerð ársreiknings þá ógnar það óhæði endurskoðenda, samkvæmt siðareglunum, að veita slíka þjónustu ef endurskoðandinn endurskoðar einnig ársreikninginn. Þó er heimilt að veita viðskiptavini í endurskoðun, sem ekki er eining tengd almannahagsmunum, þjónustu sem tengist bókhaldi og gerð ársreiknings, ef þjónustan er regluleg og fastbundin eins og segir í reglunum. Undir þetta fellur gerð ársreiknings á grundvelli prófjafnaðar sem útbúinn hefur verið af viðskiptavininum og færsla leiðréttinga inn á prófjöfnuð sem samþykktar hafa verið af viðskiptavininum.

Auknar kröfur eru gerðar um óhæði gagnvart félögum sem skilgreind eru sem einingar tengdar almannahagsmunum í lögum um endurskoðendur. Sé um þannig félag að ræða heimila siðareglurnar ekki að endurskoðandi aðstoði við gerð ársreiknings sem einnig er endurskoðaður af honum. Rétt er að taka fram að reglurnar veita undanþágu þegar upp koma svokölluð neyðartilvik og heimila veitingu þjónustu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, til viðskiptavinar í endurskoðun, sem samkvæmt þeim er annars óheimilt að veita.

Ekki hafa öll félög þekkingu eða mannskap til að útbúa eigin ársreikninga ásamt lögbundnum skýringum og óska þau því gjarnan eftir aðstoð þeirra sem sjá um endurskoðun ársreikninganna. Samkvæmt framansögðu er slíkt heimilt upp að vissu marki. Endurskoðendur verða þó að vera á varðbergi gagnvart því að óhæði þeirra sé ekki ógnað og að þeir endurskoði ekki eigin vinnu. Að sama skapi verða stjórnendur að vera meðvitaðir um eigin ábyrgð á gerð ársreikninga.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 18. september 2014 bls. 12.